

Greinargerð með verðlaunagripum Guðmundar Ingólfssonar úr Íþróttaminjasafni Reykjanesbæjar.

Guðmundur Ingólfsson, fæddur 28. apríl 1929 dáið 13. ágúst 1987, var fyrsti nemandi Jónasar Halldórssonar sundkappa þegar hann fór að þjálfa sund í Sundhöll Reykjavíkur árið 1941. Tveimur árum síðar þegar Guðmundur var 14 ára setti hann sitt fyrsta Íslandsmet. Það var í 100 m. baksundi og hafði Jónas þjálfari hans þá átt metið í mörg ár. Baksund var sérgrein Guðmundar og átti hann Íslandsmetið 1:15:2 mín. í mörg ár. Hann var besti baksundsmaður landsins um árabil og var meðal keppenda á Olympíuleikunum 1948 í London.

Eftir að Guðmundur lauk prófi frá Íþróttakennaraskólanum á Laugarvatni árið 1950 fluttist hann til Keflavíkur og tók að sér forstöðu Sundhallarinnar og vann sem sundkennari. Hann var dádur leiðbeinandi og mjög hvetjandi. Guðmundur var driffjöðrin í uppgangi sundsins í Keflavík á sjötta áratugnum og einn af stofnendum Knattspyrnufélags Keflavíkur. Hann vann á þessum árum gífurlegt brautryðjendastarf í sundkennslu og sundþjálfun í Keflavík eftir að hann hætti keppni sjálfur.


Guðmundur var fjölbæfur íþróttar- og keppnismaður og vann einnig til verðlauna í öðrum íþróttagreinum svo sem körfubolta, hestamennsku, golfi og brids. Verðlaunasafn hans samanstendur aðallega af verðlaunapeningum í sundi og er sá fyrsti frá 1943 auk þess verðlaunapeningar og bikarar í golfi, hestamennsku og brids.

Með verðlaunasafni hans var lagður grunnur að Íþróttaminjasafni Reykjanesbæjar á sínum tíma og var það einlæg ósk aðstandenda Guðmundar Ingólfssonar að safnið yrði bæjarbúum til ánægju og yndisauka og íþróttafólki hvatning til dáða.

Safnið var tekið niður vegna viðgerða og endurskipulagningar í anddyri Sundmiðstöðvarinnar þar sem íþróttaminjasafnið var staðsett og munir Guðmundar afhentir afkomendum hans. Nú október 2018 afhenta þeir Byggðasafni Reykjanesbæjar verðlaunagripir fyrir brids (merktir GI) sem áður voru í Sundmiðstöðinni og var hluti safns Guðmundar.

dags:

f.h. afkomenda Guðmundar Ingólfssonar



Inga Lóa Guðmundsdóttir